

Ofbeldi í skólum

miðlægir verkferlar

Skilgreining á ofbeldi

Ofbeldi eru athafnir sem valda öðrum einstaklingi sársauka, andlegum eða líkamlegum, án tillits til þess hvort um er að ræða ásetning eða ekki.

Líkamlegt ofbeldi er þegar líkamlegu afli er beitt gegn öðrum einstaklingi, hvort sem líkamlegur skaði hlýst af eða ekki. Dæmi: kýla, kyrkja, klóra, sparka, bíta, toga í hár, ógna o.s.frv.

Grunur um ofbeldi

Barn uppvíst að ofbeldi. Allar ábendingar um ofbeldi í skólum eru teknar alvarlega. Sá sem verður vitni að ofbeldi eða fær upplýsingar um ofbeldi vísar málinu til ofbeldisteymis sem kannar málið. Þessi mál eru alltaf viðkvæm og mikilvægt að trúnaður ríki. Mikilvægt er að vinnsla mála gangi hratt fyrir sig og skal þeim vera lokið innan tveggja vikna.

Samtal við foreldra

Hegðun ávörpuð. Ef ofbeldisteymi telur líklegt að um ofbeldi sé að ræða er haft samband við foreldra geranda og þolanda. Óskað er eftir samþykki þeirra fyrir að teymið vinni áfram með málið. Foreldrar eru vel upplýstir í öllu ferlinu og þess vænst að samstarf skóla og heimilis verði sem best.

Nánari upplýsingaöflun

Skipulag skráninga hefst og nota skal til þess atvikaskýningarblað Kennarasamband Íslands (Sniðmát). Haldið er vel utan um allar skráningar, skráningar eru nákvæmar og geymdar í möppu hjá skrifstofustjóra. Skráningar eru mikilvægar í sögulegu samhengi s.s. tíðni, staðsetning og aðstæður. Allar upplýsingar eiga að vera skráðar svo og málsatvik og samtöl.

Teymi metur

Ofbeldisteymi aflar frekari upplýsinga og greinir næstu skref. Ef teymið telur að málið falli ekki undir skilgreiningu ofbeldis er málinu vísað í viðeigandi farveg.

Greining

Ofbeldisteymi setur fram áætlun og verkaskiptingu. Ef könnun leiðir í ljós að um ofbeldi sé að ræða er rætt við foreldra þeirra barna sem talið er að standi að ofbeldinu en einnig viðkomandi börn. Eftir samráð við foreldra þarf að hafa samráð við þá aðila sem koma að barninu s.s. frístund, íþróttafélag eða aðra tómstundir.

Lausnir

Leita skal eftir aðstoð eða ráðgjöf hjá þjónustumiðstöð hverfis / skólaskrifstofu við úrlausn mála. Þegar öllum könnunum er lokið og niðurstöður liggja fyrir er tekin ákvörðun í samráði við málsaðila. Tilkynna skal ofbeldi til lögreglu og barnaverndar samkvæmt 16. gr. barnaverndarlaga nr. 80 frá 2002.

Framkvæmd aðgerða

Allir málsaðilar eru upplýstir um niðurstöðuna í samráði við viðkomandi foreldra. Aðgerðir eru vel kortlagðar. Markmið og leiðir skýrar. Hvort sem um er að ræða úrræði, þjónustu sérfræðingar, stuðning inn í bekk eða önnur hjálpargögn notuð s.s. hvatningabækur, hegðunarsamningar, félagsfærnisögur eða önnur umbunarkerfi. Líkamlegu inngripi er beitt í neyð en skriflegt samþykki foreldra er nauðsynlegt.

Eftirfylgni

Ofbeldisteymi og málsaðilar gera áætlun um eftirfylgd eftir að inngripi lýkur. Gerandi og þolandi fá stuðning og eftirfylgd í 3-6 mánuði frá atviki. Fylgst er með hvort lausnir beri árangur.

Máli lokað

Málinu skal lokað með forlegum hætti og foreldrar skrifa undir því til sönnunar. Starfsfólk skólans heldur áfram að vera til staðar fyrir barnið og veita almannan stuðning.